



Alþingi  
Nefndasvið Austurstræti 8 – 10  
150 Reykjavík

7. apríl 2021

**Efni: Umsögn Íslandsdeildar Amnesty International um frumvarp til laga um breytingu á lögum um útlendinga og lögum um atvinnuréttindi útlendinga (alþjóðleg vernd, brottvisanir, dvalar- og atvinnuleyfi), 602. mál.**

Íslandsdeild Amnesty International sendi inn umsögn sína um framangreint frumvarp þegar það var lagt fram á 150. löggjafarþingi (þskj. 1228, 171. mál). Afstaða deildarinnar er sú sama og áður. Ítrekaðar eru eftirfarandi athugasemdir:

### **9. gr. frumvarpsins: Heimild til að skerða eða fella niður grunnþjónustu**

Í 9. gr. frumvarpsins er lagt til að við 8. mgr. 33. gr. laganna bætist nýr málslíður um að Útlendingastofnun verði heimilt að skerða eða fella niður þjónustu til umsækjenda um alþjóðlega vernd þegar fyrir liggur framkvæmdarhæf ákvörðun. Þau réttindi sem fjallað er um í 33. gr. eru grundvallarmannréttindi og snúa að grunnþörfum fyrir fæði, húsnæði og nauðsynlegri heilbrigðisþjónustu auk þess sem börnum á grunnskólaaldri er tryggður réttur til menntunar. Með því að heimila skerðingu á slíkri grunnþjónustu er hætt við því að alvarleg vandamál skapist og velferð fólks sé stefnt í hættu. Mikilvægt er að tryggja að einstaklingar fái notið mannréttinda sinna að fullu þegar fyrir liggur framkvæmdarhæf ákvörðun í málum þeirra. Þau réttindi sem hér um ræðir eru meðal annars tryggð í samningi Sameinuðu þjóðanna um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi, sem Ísland er aðili að og hefur fullgilt, auk Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna sem hefur verið lögfestur á Íslandi.

Íslandsdeild Amnesty International leggur til að fallið verði frá þeirri breytingu sem 9. gr. frumvarpsins felur í sér.

### **16. gr. frumvarpsins: Fjölskyldusameining**

Með frumvarpinu eru lagðar til þær breytingar á 2. mgr. 45. gr. útl. að þeir einir geti verið grundvöllur fjölskyldusameiningar sem uppfylli skilyrði 37. og 39. gr. laganna. Þannig uppfylla einstaklingar sem fengið hafa alþjóðlega vernd á grundvelli 45. gr. ekki skilyrði fyrir frekari fjölskyldusameiningu á grundvelli ákvæðisins. Í mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna má finna meginregluna um einingu fjölskyldunnar, þar sem segir m.a. að fjölskyldan sé í eðli sínu frumeining samfélagsins og samfélaginu og ríki beri að vernda hana. Íslandsdeild Amnesty International telur að sú meginregla skuli einnig gilda um þá sem tillögunni er ætlað að undanskilja, líkt og sagði í umsögn Rauða krossins þegar frumvarpið var lagt fram í fyrra skiptið. Með tillögunni er verið að takmarka sameiningu fjölskyldna. Mikilvægt er að einstaklingar á flóttu geti sameinast fjölskyldum sínum, enda getur aðskilnaður þeirra við fjölskyldur sínar reynst þeim afar þungbær, haft neikvæð áhrif á möguleika þeirra til að aðlagast og gerast virkir þátttakendur í samfélaginu.

Deildin leggst því gegn þeirri breytingu sem mælt er fyrir um í 16. gr. frumvarpsins.

Íslandsdeild Amnesty International tekur að öðru leyti ekki afstöðu til efnis frumvarpsins en því sem greinir hér að framan. Deildin minnir á að íslenskum stjórnvöldum ber að tryggja að lög séu í samræmi við alþjóðlega mannréttindasamninga, svo sem mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna, samning Sameinuðu þjóðanna um efnahagsleg félagsleg og menningarleg réttindi, sem Ísland hefur fullgilt, auk

Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og Mannréttindasáttmála Evrópu sem báðir hafa verið lögfestir hér á landi.

Virðingarfyllt,

The image shows a handwritten signature in blue ink, which appears to be 'Anna'. To the right of the signature is the logo for Amnesty International Íslandsdeild. The logo consists of the words 'AMNESTY INTERNATIONAL' in a bold, sans-serif font, with 'Íslandsdeild' written in a smaller font below it.

---

Anna Lúðvíksdóttir

Framkvæmdastjóri Íslandsdeildar Amnesty International